

97. fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis.

Haldinn 8. desember 2016 að heimili formanns kl. 18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Páll Árdal og Eiríkur Aðalsteinsson. Einar Gauti er fjarverandi.

1. Erindi íbúa

Foreldri barns í 9. bekk óskaði eftir stuðningi við að kaupa körfuboltaspjöld á staurana í Glerárskóla. Formaður hefur samband við viðkomandi.

2. Glerárskóli

Ósk frá skólastjóra Glerárskóla, Eyrúnu Skúladóttur, hvort möguleiki væri á að hverfisnefndin gæti aðstoðað skólann við að koma upp grillhúsi líkt og gert var í Lundahverfi. Eyrún hefur sent Hverfisnefnd mynd af grillhúsinu og hafa nefndarmenn skoðað þetta ásamt því að hafa fengið upplýsingar frá Jóni Birgi Gunnlaugssyni, verkefnastjóra umhverfismála um kostnað vegna grillhúsana.

3. Holtakot

Formaður ræddi um að ræða við leikskólann Holtakot og athuga hvort búið væri frá síðasta ári að ganga frá reiðhjólalandinu þeirra og blómakerinu.

4. Grill aðstaðan

Nefndarmenn eru ánægðir með grillið en vilja aðeins gera betur og setja upp skilti sem segir íbúum að þetta sé grill hverfisins. Eiríkur ætlar að skella sér í að skoða þannig skilti. Einnig væri gott að fá ruslatunnu við garðinn sem og ösku-tunnu hjá grillinu. Munum við senda Jóni Birgi póst um slíka beiðni.

5. Boðun til fundar um tillögu vinnuhóps um íbúalýðræði og gagnsæja stjórnsýslu um íbúaráð

Nefndin fór gróft yfir tillögurnar og langar 3 að mæta á fundinn. Áhugi okkar beinist helst að tillögu um íbúaráð í stað hverfisnefnda.

Margt annað rætt eins og t.d. jólin og snjóleysið en ekki fært til fundar.

Næsti fundur verður í janúar 2017 en nefndarmenn ætla að ræða saman í gegnum tölvupósta í desember um verkefni sem eru í gangi.

Ritari: Berglind Rafnsdóttir